

Nd.

276. Breytingartillögur

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr. og orðist svo:

15. gr. laganna orðist svo:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, vixlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
 2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
 3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
 4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:
Niður falli síðasti málslíður 20. gr. laganna.